



Fundargerð nr. 7

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps

| | |
|---------------|--|
| Fundarstaður: | Þingborg |
| Fundardagur: | 28. október 2024 |
| Fundartími: | 20:00 – 21:45 |
| Fundarmenn: | Jakob Nielsen formaður Helgi Sigurðsson Helena Hólm Halla Kjartansdóttir Svanhvít Hermannsdóttir |

Jakob Nielsen stýrði fundi. Svanhvít Hermannsdóttir ritaði fundargerð.

1. Umhverfisverðlaun

Nefndin leggur til breytt fyrirkomulag. Í ljósi þess að ofgnótt skilta er orðin í hreppnum leggur nefndin til að „núllstilla“ þetta fyrirkomulag og tekin verði niður öll núverandi skilti.

Verðlaunahöfum verður heimilt að halda þeim í sinni vörslu.

Til framtíðar verði um farandgripi að ræða. Að tvenn verðlaun verði veitt annað hvert ár, í fyrsta sinn árið 2025, eitt til lögbýlis (íbúðarhúss) og annað til fyrirtækis. Þannig að hver gripur sé í vörslu viðkomandi aðila í fjögur ár. Ávinningur af þessu fyrirkomulagi verði endurnýting á skiltum sem styður þannig við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna sem Flóahreppur styðst við. Hugmyndin með þessari breytingu er sú að verðlaunin öðlist meira vægi.

2. Styrkir v/umhverfis- og samgöngumála

Nefndin tekur undir ágæti þess að betrubæta Ásaveginn, brýnast er að reisa við stikur á leiðinni.

Lagt er til að sveitarfélagið kaupi bekki til að koma fyrir í rjóðrinu í „skóginum“ sem Hafteinn Hafliðason hefur sinnt af alúð. Umrædda grasflöt hafði Hafsteinn forgöngu um að tæta, jafna og sá í nú síðastliðið vor.

3. Önnur mál

Nefndin ítrekar að lyktarmengun frá Orkugerðinni er algerlega óboðleg og leggur áherslu á að fylgt sé eftir umbótum í útblæstri frá verksmiðjunni sem lofað hefur verið um árafjölda.

Lagt er til að næstu fundir nefndarinnar verði þann 26. mars 2025 og fyrripart maí.